

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til stjórnarháttanna í fjárfestingum, umhverfismála, jafnréttismála og félagslegra mála. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins getur í gegnum eignasafn sitt haft leiðandi áhrif á starfshætti og stjórnunarhætti fjölda fyrirtækja.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir sjóðsins um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með slíkum fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast framkvæmd stefnunnar í samráði við stjórn og starfsmenn sjóðsins. Við framkvæmd stefnunnar skal gætt að viðeigandi reglum um hagsmunaárekstra og vanhæfi.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins beitir sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Grunnildir sjóðsins á sviði umhverfismála, jafnréttismála og félagslegra mála byggja á grunngildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

Nýsköpunarsjóður lætur umhverfismál, jafnréttismál og félagsleg málefni sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum, með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.

Nýsköpunarsjóður hvetur til greinargóðra upplýsingagjafar fyrirtækja um atriði er þau varða á sviði umhverfismála, jafnréttismála og félagslegra málefna með áherslu á þau svið sem eru viðeigandi viðkomandi rekstri.

Tengist fyrirtæki broti á sviði umhverfismála, jafnréttismála og félagslegra málefna að álitni lögbærra yfirvalda er það markmið sjóðsins að beita sér sem eigandi þannig að látið verði af viðkomandi broti án tafar og jafnframt farið fram á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur. Ef slíkar aðgerðir bera ekki fullnægjandi árangur mun sjóðurinn taka til skoðunar sölu viðkomandi eignarhlutar í heild eða að hluta og getur við viðvarandi eða ítrekuð brot beitt sér fyrir breytingum á stjórnun fyrirtækja til að fullnægjandi úrbætur verði gerðar. Með því að beita sér með þessum hætti getur sjóðurinn haft uppbyggileg áhrif á háttsemi fyrirtækja til lengri tíma og tekið að sama skapi tillit til heildarmarkmiða sjóðsins.

Stefna þessi skal endurskoðuð af stjórn árlega og eftir því sem tilefni gefst til.